

Föstudaginn 5. marz 1965.

Nr. 141/1964. **Ragnar Jónsson og Sigrún Arthúrsdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Brandi Brynjólfssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjármál hjóna. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Óskarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámssgerð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1964. Þeim var hinn 20. nóvember 1964 veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Gera þau þær kröfur, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að fjárnámssgerðin verði staðfest og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 10. apríl 1964, var áfrýjandi Sigrún Arthúrsdóttir, sem gift hafði áfrýjanda Ragnari Jónssyni 21. september 1963, dæmd ásamt tveimur mönnum, Einari Ólafssyni og Gretti Pálsyni, til að greiða stefnda óskipt kr. 57.551.64 með 6% ársvöxtum frá 4. ágúst 1959 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað. Með bréfi 28. júlí s. á. gerði stefndi þá kröfu, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum framkvæmdi fjárnám í eignum dómþolandans Sigrúnar Arthúrsdóttur til tryggingar dómskuldinni og svo til tryggingar kostnaði af birtingu, kr. 171.00, kostnaði af endurríti, kr. 172.50, og öðrum kostnaði af innheimtunni. Málið var tekið til meðferðar í fógetadómi Vestmannaeyja hinn 30. júlí 1964. Af hendi gerðarþolanda kom fyrir fógetadóminn Ragnar Jónsson, eiginmaður hennar. „Aðspurður af fógeta“ kvaðst „mættur

fyrir gerðarþola ekki geta greitt kröfurnar. Að áskorun fógeta benti mættur fyrir gerðarþola á húseign þeirra gerðarþola til fjárnáms“. Húseign sú, sem í þessari bókun fógeta greinir, er kjallari hússins nr. 1 við Fjólugötu í Vestmannaeyjum, en hann er samkvæmt veðbókarvottorði 2. september 1964 „þinglesin eign Ragnars Jónssonar samkvæmt afsalsbréfi, lóðarleigusamningi, dags. 17/9 '63“. Í vottorðinu segir og: „Lóðarleigusamningur, dags. 4/1 '57, er þinglesinn“. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, ber áfrýjandi Ragnar Jónsson eigi ábyrgð á dómskuld áfrýjanda Sigrúnar Arthúrsdóttur, þeirri sem leitað er fjárnáms fyrir í máli þessu. Áfrýjandi Ragnar Jónsson er ólögfróður maður. Fógeta bar því eftir 114. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 að leiðbeina honum um, að hann væri eigi ábyrgur fyrir dómskuldinni og að honum væri óskýlt að benda til fjárnáms á nefndan húskjallara, sem er samkvæmt gögnum málsins hjúskapareign hans sjálfs. Bókun fógeta í fógetaþók bendir til, að hann hafi eigi leiðbeint áfrýjanda Ragnari, og eigi er sannað með öðrum hætti, að fógeti hafi fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni. Er áfrýjandi Ragnar Jónsson því eigi bundinn af fjárnámsgerðinni. Leiðir það til þeirra úrslita máls þessa, að fella ber hið áfrýjaða fjárnám úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 11.423.00. Af þeirri fjárhæð hljóti ríkissjóður kr. 3.423.00, en talsmaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, greiði kr. 11.423.00, málskostnað fyrir Hæstarétti, og hljóti ríkissjóður kr. 3.423.00 af þeirri fjárhæð, en skipaður talsmaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Vestmannaeyja 30. júlí 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 30. júlí, kl. 1540, var fógetaréttur Vestmannaeyja settur og haldinn í dómsal embættisins af Jóni Óskarssyni, fulltrúa bæjarfógeta, við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Að gera fjárnám hjá Sigrúnu Arthúrsdóttur, Fjólugötu 1, hér í bæ, að kröfu Brands Brynjólfssonar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 10. apríl 1964, til tryggingar dómskuldinni, kr. 57.551.64, með 6% ársvöxtum frá 4. ágúst 1959 til greiðsludags, kr. 7.500.00 í málskostnað, kr. 171.00 í birtingu, kr. 172.50 fyrir endurrit og kostnað við fjárnámið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fógeti lagði fram:

Nr. 1. Gerðarbeiðni.

Nr. 2. Dómsendurrit.

Gerðarbeiðandi er mættur og krefst þess, að gerðin fari fram.

Einnig er mættur fyrir gerðarþola Ragnar Jónsson, eiginmaður gerðarþola, og samþykkir hann, að gerðin fari fram og verði lokið hér í dómsalnum.

Aðspurður af fógeta kveðst mættur fyrir gerðarþola ekki geta greitt kröfurnar.

Að áskorun fógeta benti mættur fyrir gerðarþola á húseign þeirra gerðarþola til fjárnáms.

Lýsti fógeti yfir, að hann gerði fjárnám í húseigninni, sem er kjallari hússins nr. 1 við Fjólugötu, hér í bæ, til tryggingar framangreindum kröfum gerðarbeiðanda.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir mættum fyrir gerðarþola.